Fs: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 553

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Heiða Hrund Jack |
| **Frá** | : | Magni Hreinn Jónsson <magni@vedur.is> |
| **CC** | : | Axel Rodriguez Överby |
| **Heiti** | : | Fs: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 553 |
| **Málsnúmer** | : | 2021010115 |
| **Málsaðili** | : | Nanný Arna Guðmundsdóttir |
| **Skráð dags** | : | 23.02.2021 08:50:04 |
| **Höfundur** | : | Magni Hreinn Jónsson <magni@vedur.is> |

**Viðhengi** Hvammur Hnífsdal.pdfHvammur Hnífsdal.pdf
image004.pngimage004.png
image003.pngimage003.png
image002.jpgimage002.jpg

Sæl Heiða

Hér er okkar umsögn um Hvamm í Hnífsdal. Formleg umsögn ætti að berast innan skamms.

Húsið Hvammur, sem er skráð sem íbúðarhús, er á C-svæði vegna ofanflóðahættu. Á C-svæði er skv. reglugerð 505/2000 „heimilt að breyta íbúðar-og atvinnuhúsnæði þó þannig að heildaráhætta á viðkomandi svæði aukist ekki, t.d. með fjölgun íbúða eða fjölgun starfsmanna.“

Það er því leyfilegt að byggja við húsið á þessu svæði enda er ekki verið að fjölga íbúðum. Þá er ágætt að sá hluti hússins sem er næst fjallinu er skúr en ekki íbúðarhluti hússins. Með því að gera upp og byggja við húsið er hins vegar er verið að taka í notkun íbúðarhús sem hefur ekki verið í notkun undanfarið. Og má hafa í huga að þarna mætti ekki byggja nýtt íbúðarhús.

Fyriræltanir eru um að reisa upptakastoðvirki í Bakkahyrnu en ekki er kominn tímasetning á þá framkvæmd. Húsið mun því standa á C-svæði á næstu árum.

Kveðja,
Magni

---

**Frá:** Barði Þorkelsson
**Sent:** fimmtudagur, 11. febrúar 2021 16:09
**Til:** Magni Hreinn Jónsson
**Efni:** Fs: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 553

Sæll Magni,

Mundirðu vilja líta á þetta.

Kveðja,

Barði

---

**Frá:** Heiða Hrund Jack
**Sent:** fimmtudagur, 11. febrúar 2021 14:39
**Til:** Barði Þorkelsson
**Afrit:** Axel Rodriguez Överby
**Efni:** Skipulags- og mannvirkjanefnd - 553

Góðan dag

Ísafjarðarbær óskar eftir umsögn veðurstofunnar á byggingaáformum í Hnífsdal, Ísafjarðarbæ. Byggingin er í dag á ofanflóðahættusvæði.

Eftirfarandi var bókað á fundi skipulags- og mannvirkjanefndar í gær.

**2021010115 - Heiðarbraut 15 (Hvammur)_Umsókn um byggingarleyfi**

*Kjartan Árnason sækir um byggingarleyfi f.h Nanný Örnu Guðmundsdóttur kt: 100870-3639 v. viðbyggingar á húsnæði sem og breytinga á núverandi útliti húss*
*Fylgigögn eru: Aðaluppdráttur frá Kjartani Árnasyni dags. 21.12.2020*
*Byggingarleyfisumókn dags. 21.12.2020*
*Greinargerðir hönnuðar og gátlistar uppdrátta*

*Bókun: Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Erindi er vísað til Skipulags-og mannvirkjanefndar með vísan í gr. 5.9.1 í skipulagsreglugerð 90/2013*

Skipulags- og mannvirkjanefnd óskar eftir umsögn veðurstofu á þessum framkvæmdum.

Meðfylgjandi í viðhengi eru aðaluppdrættir framkvæmdarinnar.

Umsögn óskast send á heidajack@isafjordur.is fyrir 4. mars 2021.

Bestu kveðjur

**Heiða Hrund Jack**
**Skipulagsfulltrúi**
**Tæknideild**
Ísafjarðarbær, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður
450 8000 - heidajack@isafjordur.is - www.isafjordur.is

Veðurstofa Íslands | Icelandic Met Office
Bústaðavegur 7-9, 105 Reykjavík
Sími +354 522 6000
www.vedur.is | en.vedur.is
E-mail Disclaimer